

Persónuvernd



Persónuvernd lýtur að réttindum einstaklinga varðandi meðferð persónuupplýsinga þeirra. Þessi réttindi byggjast á rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs sem heyrir til þeirra grundvallarmannréttinda sem eru vernduð í íslensku stjórnarskránni og öðrum mannréttindasáttmálum. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með málefnum sem varða persónuvernd, þ.á m. stefnumótun, innleiðingu og umsjón með regluverki.

Persónuvernd styður einnig við sameiginlega hagsmuni í lýðræðissamfélagi. Ef **persónuvernd** er tryggð geta einstaklingar skapað sér rými til skoðanaskipta og lýðræðislegrar þátttöku á hinum ýmsu sviðum samfélagsins án þess að eiga á hættu að upplýsingar tengdar persónu þeirra verði dregnar fram og gerðar opinberar.

Persónuvernd er jafnframt lykilforsenda fyrir nýtingu á nútímatækni og fyrir því að einstaklingar geti fótast sig í hinum stafræna heimi. Hagsmunir tengdir persónuvernd eru því margvíslegir og snertifletir við aðra málaflokka ráðuneytanna eru ýmsir.

Regluverkið

1. Lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.
2. Lögunum er einnig ætlað að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins (EES).
3. Íslensku persónuverndarlögin leiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópusambandsins (ESB) um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og er birt sem fylgiskjal með lögunum.

Lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi er ætlað að stuðla að því að yfirvöld á sviði refsivörslu fari með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga, auk þess að greiða fyrir skilvirkum störfum og nauðsynlegri miðlun persónuupplýsinga þessara yfirvalda sín á milli og til annarra.

Þínar upplýsingar, þín réttindi

Hlutverk Persónuverndar er að gæta hagsmuna almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd sinnir eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum.

- Persónuvernd er sjálfstæð stofnun sem fer með eftirlit með framkvæmd ofangreindra laga.
- Þú átt rétt á að fá að vita ef verið er að vinna með persónuupplýsingar um þig.

Heimildir

Island.is. (2025). *Persónuvernd*. <https://island.is/s/personuvernd>

Stjórnarráð Íslands. (2023, 30. mars). *Persónuvernd*. Stjórnarráðið | Persónuvernd

